

Fundur í skólaráði Rimaskóla

15. nóvember 2023

Mætt: Ásgerður, Elísabet, Helga Þórunna, Lára Ósk, Aron Snær í forföllum Sóleyjar Kríu

Boðuðu forföll: Kristján, Baldvin

1. Rætt um seinkun skóladags.

Farið yfir kosti og galla.

Skólaráð Rimaskóla ályktar að við sjáum kosti og galla við þessa tillögu. Nemendum finnst kostur að geta seinkað skóladeginum. Það koma upp sjónarmið að gott sé að hefja skóladag kl. 8:30 eða 9:10. Ef seinkað eru um 40 mínútur á dag þá bætast við 40 mínútur sem skóladegi seinkar sem því nemur. Skólaráð er sammála því að ef seinkun verði um þessar mínútur þá sé ekki forsvaranlegt að seinka skóladegi barna. Skólaráð Rimaskóla telur að ástæða sé komin að skoða viðmiðunarstundatöflu og fækka tímum unglíngadeildar í 32 tíma á viku í stað 37 tíma. Eins og staðan er í dag þá fá nemendur 20 mínútur í nestishlé fyrir hádegi og spjalla þá við félag. Hádegismatur er 30 mínútur og bæði kennarar og nemendur telja að hann sé mikilvægur tími. Einnig þarf að huga að hagsmunaaðilum skólasamfélagsins eins og foreldrum, atvinnulífi og íþróttafélögum. Ef seinka á degi þá þarf atvinnulífið að veita svigrúm fyrir foreldra að mæta á mismunandi tíma því nemendur á unglíngastigi þurfa mis mikinn stuðning að koma sér í skólann. Skólastjóri sér ekki leiðir til að koma seinkun skóladags inn án þess að skóladagur seinki almennt hjá nemendum. Kennarar í skólum hjálpast að við að leysa forföll. Þegar tímasett í stundaskrá hafa verið misjöfn þá gengur erfiðlega að færa fólk á milli í forföll.

Samhliða þessu þyrfti að vera markviss fræðsla fyrir foreldra um svefn og áhrif skjátíma.

2. Starfsáætlun Rimaskóla lögð fram og rædd. Farið var yfir helstu áherslur skólaársins 2023-2024 og áætlunin samþykkt.
3. Lára Ósk fulltrúi nemenda í skólaráði ræddi um skápamál. Ósk nemenda er að fá skápa fyrir unglíngadeild til að geyma muni ss. fartölvur, töskur, úlpur og jafnvel skó. Nemendur eru búin að teikna upp hugmynd að hvernig skápur gæti litið út. Rætt var um mikilvægi þess að nemendur geti læst dóti sínu enda eru þau að skipta ört um stofur og rými. Nemendur eru komnir með dýr tæki eins og Chrome fartölvur en það hefur borið á að skjár og annað brotnar þegar óhöpp gerast þegar töskum er hent saman í hrúgu. Ákveðið var að skólaráð álykti á næsta fundi um þessi mál og að sama skapi geri nemendafélagið. Fulltrúi foreldra kom einnig þeirri hugmynd að fá foreldrafélagið með okkur í þetta mál.

Fleira ekki tekið fyrir

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð